

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 5. febrúar 2015 kl. 10:00-12:00 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Jón Ólafsson (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Irma Erlingsdóttir (EDDA) boðaði forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt einróma.

2. *Hugvísindaping - dagskrá*: MG kynnti drög að dagskrá og reifaði álitamál. A) Nokkrir fyrirlesara hafa beðið um leyfi til að vera með erindi í fleiri en einni málstofu. Beiðnunum var öllum hafnað. B) Forsvarsmenn einnar málstofu hafa óskað eftir að hafa hana á ensku þó fyrirlesarar séu allir íslenskir. Talsverð umræða varð um málið en samþykkt að hafa málstofuna á ensku þar sem sá möguleiki var kynntur í auglýsingu. Samþykkt að gera kröfuna um íslensku sem tungumál þingsins afdráttalausar fyrir næsta Hugvísindaping þar sem eitt af meginmarkmiðum þingsins sé að miðla rannsóknum til almennings á Íslandi. Tillaga að dagskrá einróma samþykkt.

3. *Erindi frá Ritinu vegna timarit.is*: ÁE kynnti drög að samngi við Háskólabókasfnið um birtingu *Ritsins* á timarit.is. Helstu álitamál snerust um hversu lengi *Ritið* á að vera lokað áður en það birtist öllum frítt á timarit.is. Skv. samningsdrögum er miðað við fimm ár en á fundinum komu fram tillögur um að stytta tímann niður í þrjú eða jafnvel eitt ár. Að lokum var samþykkt að halda fimm ára lokun en stefna að því að stytta þennan tíma niður í þrjú ár. Minnt var á að það þarf að athuga með heimildir til að birta þýðingar í opnum aðgangi á timarit.is. Stjórn Hugvísindastofnunar beindi því til ritnefndar *Ritsins* að ræða möguleikann á rafrænni útgáfu *Ritsins* og í því samhengi minnt á stefnu Háskóla Íslands um opið aðgengi. Samningsdrögin voru einróma samþykkt.

4. *Starfshópur um gagn hugvísinda*: ESS kynnti tillögu að stofnun starfshóps til að fjalla um gagn hugvísinda. Tillagan samþykkt og ákveðið að hver deild verði beðin um að tilnefna einn til tvo fulltrúa í starfshópinn, einn karl og eina konu.

5. *Vísindanefnd HÍ*: Þar sem fulltrúi sviðsins í vísindanefnd (IE) forfallaðist voru málefni nefndarinnar ekki rædd.

6. *Önnur mál*: Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 12:00

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Umsóknir 2014-2

Umsókn	Fl.	Lýsing	Niðurstaða
B&L-2	4	Sveinn Yngvi og Ármann Jakobsson	380.000
B&L-3	1	Ráðstefna um minni	300.000
GUÐ-1	4	Ritröð Guðfræðistofnunar (2 hefti)	380.000
HEIM-1	3	Marmor - fyrirlestur og málstofa	100.000
HEIM-2	4	Henry Alexander og Gabriel	380.000
HEIM-3	1	Grúskað með Gunnari	125.000
EDDA-1	4	Lýðræðistilraunir (Jón Ólafsson rstj.)	190.000
MÁL-1	1	LREC	300.000
RIKK-1	4	Lýðræðistilraunir (Jón Ólafsson rstj.)	190.000
RIKK-2	2	Hádegisfyrirlestrar um kosningarétt kvenna	25.000
RIKK-3	1	Ráðstefna um fíkn	125.000
SAGN-1	3	Bregnsbo - fyrirlestur og málstofa	100.000
SAGN-2	1	Málþing um fyrri heimsstyrjöldina	125.000
SIÐ-1	3	Caulfield - fyrirlestur og lokuð vinnumálstofa	100.000
SIÐ-2	4	Vilhjálmur	190.000
SVF-1	1	Art in translation	300.000
SVF-2	4	Milli mála og Sigurður	380.000
SVF-4	1	Ráðstefna vegna dönskukennslu	300.000
Samtals			3.990.000

Upphæðir eru í öllum tilfellum hámarksupphæðir. Endanleg upphæð fer eftir útlögðum kostnaði skv. reglum sjóðsins.